


GILDANDI DEILISKIPULAG

REITUR 2 - ÁNINGASTADUR OG LEIKJAGRUNDIR VID NORDANVERT HVALEYRARVATN




GILDANDI DEILISKIPULAG

REITUR 3 - BJÓNUSTUHÚS OG LEIKJAGRUNDIR VID VESTURENDI HVALEYRARVATNS



BRETT DEILISKIPULAG

REITUR 2 - ÁNINGASTADUR OG LEIKJAGRUNDIR VID NORDANVERT HVALEYRARVATN



BRETT DEILISKIPULAG

REITUR 3 - BJÓNUSTUHÚS OG LEIKJAGRUNDIR VID VESTURENDI HVALEYRARVATNS

## Hvaleyrarvatn og Höfðar - Deiliskipulag

### Breyting á deiliskipulagi

Breyting á deiliskipulagi nær til tveggja svæða norðan og vestan við Hvaleyrarvatn. Markmið með breytingunni er að bæta aðkomu að Hvaleyrarvatni og aðstöðu til útvistar á svæðinu. Með rúmgóðum bílastæðum við báða enda vatnsins verður mögulegt að beita tímabundnum lokunum á veginum meðfram vatninu til að skapa þar friðsælt og rólegt umhverfi t.d. yfir sumartímann þegar mannfjöldi er þar mestur. Tímabundnar lokanir geta einnig náð til skemmri tímabila. Núverandi vegur niður og meðfram vatninu verður þó alltaf afkær þjónustuleið fyrir útvistarsvæðið og aðgengi hreyfihamaðra að sérmerktum stæðum tryggt um hann.

Gildandi deiliskipulag er sett fram á heildaruppdrætti í mkv. 1:5000 auk þriggja séruppráttá í mkv. 1:2000 fyrir reiti í nán við Hvaleyrarvatn. Breyting á deiliskipulagi nær til séruppráttá fyrir reiti 2 og 3. Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi fyrir hvorn reit fyrir sig:

### Reitur 2. Áningastadur og leikjagrundir við norðanvert Hvaleyrarvatn.

- Uppdrátturinn staðkar til norðurs og nær yfir fyrirhugað bílastæði norðan aðkomuvegar sem áður var aðeins sýnt á heildaruppdrætti en stærð bílastæðisins er ekki skilgreind í greinargerð deiliskipulagsins.
- Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum norðan aðkomuvegar ofan vatnsins sem hvort rúmar 35 bíla og því alls bílastæði fyrir 70 bíla (þar af a.m.k. 2 stæði fyrir hreyfihamaða).
- Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðavösum norðan vegarins fyrir 20 bíla annarsvegar og 30 bíla hinsvegar (þar af a.m.k. 1 fyrir hreyfihamaða á hvoru stæði). Þá er gert ráð fyrir snúnungssvæði fyrir bíla við vestri bílastæðavasann. Aðkomuvegurinn er þegar kominn að því svæði þar sem gert er ráð fyrir snúnungssvæðinu, en áfram er gert ráð fyrir að vegurinn verði framlengdur og verði ofan Hvaleyrarvatns eins og hann er skv. gildandi deiliskipulagi.
- Mögulegt verður að hafa hringakstur frá veginum ofan vatnsins og gamla vegarins í gegnum bílastæði á milli veganna, sem gert er ráð fyrir skv. gildandi deiliskipulagi. Þá er gert ráð fyrir 3 stæðum fyrir hreyfihamaða.
- Frá bílastæðinu ofan samkomusvæðisins er gert ráð fyrir nýjum 3,0 m breiðum malbikuðum stíg með 5% halla niður í gegnum hvammín til að tryggja aðgengi fyrir alla (sér í lagi fyrir hreyfihamaða) niður að Hvaleyrarvatni. Lega stígsins er leiðbeinandi og ekki bindandi. Legan ákváðast nánar við hönnun og með tilliti til hæðarlegu lands og triágröðurs.
- Þrátt fyrir að stíginni niður að vatninu sé með aðgengi fyrir hreyfihamaða er gert ráð fyrir að aðgengi fyrir akandi umferð hreyfihamaðra verði niður að vatninu um núverandi útvistargötu. Þá er gert ráð fyrir a.m.k. fjórum bílastæðum fyrir hreyfihamaða við útvistargötuna í hvamminum norðaustan Hvaleyrarvatns.
- Gert er ráð fyrir nýri bryggju út í Hvaleyrarvatn við núverandi leik- og dvalarsvæði í fjörunni norðan vatnsins.

### Reitur 3. Þjónustuhús og leikjagrundir við vesturenda Hvaleyrarvatns.

- Vestan við Hvaleyrarvatn er skv. gildandi deiliskipulagi gert ráð fyrir bílastæði fyrir 16 bíla auk lóðar og byggingarreits fyrir nýtt þjónustuhús. Sú breyting er gerð að lóð og byggingarreit fyrir þjónustuhús er feldur út en bílastæðið staðkar, verður tvískipt og alls fyrir 60 bíla, tvö 30 bíla stæði (þar af a.m.k. 2 fyrir hreyfihamaða á hvoru stæði).
- Á milli bílastæðanna er gert ráð fyrir salernisbyggingu
- Aðkomusvæði verður á milli tvískiptu bílastæðanna og frá því gönguleið til austurs að Hvaleyrarvatni þar sem gert er ráð fyrir bryggju út í vatnið og nýri sandströnd.
- Gert er ráð fyrir að gerði fyrir hesta verði fært að núverandi reiðgötu.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram deiliskipulag sem samþykkt var 18. september 2001 með síðari breytingum.

### Skipulagsleg staða - aðalskipulag


Í gildi er Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 og þar er skipulagssvæði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði SL1.

Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

### Umhverfisáhrif

Breyting á deiliskipulagi fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana (105/2006). Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum breytingarinnar á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslag (123/2010).

Talið er að breyting á deiliskipulagi hafi jákvæð umhverfisáhrif þar sem verið er að skapa betri aðstöðu fyrir þá sem leggja leið sína að Hvaleyrarvatni. Verið er að fylga bílastæðum á tveimur stöðum við vatnið og gera aðgengi niður að vatninu norðanmegin betra með nýjum stíg, og þá sér í lagi fyrir hreyfihamaða þar sem stígin er með 5% halla að hámarki. Þá er verið að skapa betri útvistaraðstöðu við vatnið með tveimur nýjum bryggjum auk nýrrar sandstrandar við vestanvert Hvaleyrarvatn.



SKÝRINGAR	
	MÖRK DEILISKIPULAGS
	NÚVERANDI BYGGINGAR
	BYGGINGAR- B-Skemma REITIR A-Aðstæða vinnuskóla C-Þjónustubýgging D-Völbýgging við þjónustuhús
	ÚTVISTARSVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
	LÓDARMÖRK
	NÝR AKVEGIR
	BRETT LEGA VEGAR
	AKSLÓÐI/ÚTVISTARGATA
	GÖNGU- OG HJÖLASTÍGUR
	STÍGUR / SLÓÐI
	REIDGATA
	ÁNINGASTADUR Samkomu-, leik- og dvalarsvæði
	ÁNINGASTADUR Borð og bekkrir
	BÍLASTÆÐI
	ÁNINGASTADUR HESTAMANNA
	ÚTSÝNISSTADUR
	FORMINJAR - HVERFISVERND 20m radius
	VEIDI
	HRAUNJADAR
	MÖRK GRANNSV. VATNSVERNDAR SKV. ADALSKIPULAGI 1995-2015
	MÖRK FJARSV. VATNSVERNDAR SKV. ADALSKIPULAGI 1995-2015
	NÚVERANDI GRÓÐUR
	NÝR GRÓÐUR
	SKÍÐA- OG SLEDABREKKA
	BYGGINGARREITUR FYRIR SKÍÐALYFTU

DEILISKIPULASBREYTING PESSI SEM AUGLÝST HEFUR  
VERID SKV. 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA  
NR. 123/2010 FRÁ \_\_\_\_\_ TIL \_\_\_\_\_  
VAR SAMÞYKKT I BÆJARSTJÓRN ÞANN \_\_\_\_\_

### BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARDAR

DEILISKIPULASBREYTING PESSI ÖÐLADIST GILDI MED  
AUGLÝSINGU Í B-DEILD STJÓRNARTÍINDA ÞANN \_\_\_\_\_

### HAFNARFJARDARBÆR

HVALEYRARVATN OG Höfðar - DEILISKIPULAG  
BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA

KVARDI-A1: 1:2000 DAGS: 09.04.2021 FLOKKUR: 1400 SKRÁ:	TEIKN NR: HANNAD: þH TEIKNAD: OI VERKNR: 20144
---	---